

sjávar, með síðari breytingum og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lög-sögu Íslands, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 2004 og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 524, 15. júní 2004 um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiárinu 2004/2005.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. ágúst 2004.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um úthlutun sérstakra aflaheimilda til krókaafلامarksbáta á fiskveiðiárinu 2004/2005.

1. gr.

Fiskistofa skal á fiskveiðiárinu 2004/2005 úthluta 500 lestum af ýsu, 500 lestum af steinbít og 150 lestum af ufsa, miðað við óslægðan afla, til krókaafلامarksbáta samkvæmt reikniforsendum reglugerðar nr. 283, 9. apríl 2002, um úthlutun aflaheimilda á fiskveiðiárinu 2001/2002, skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Við skiptingu aflaheimildanna milli byggðarlaga og einstakra skipa innan þeirra skal miða við magn tilgreint í reglugerð nr. 283/2002 og skerða síðan úthlutun til einstaks báts um 50% frá úthlutun á fiskveiðiárinu 2003/2004 í þorskígildum reiknað.

2. gr.

Aðeins skal úthluta þeim bátum sem uppfylltu skilyrði reglugerðar nr. 283, 9. apríl 2002, til úthlutunar, enda séu þeir enn skráðir frá sömu sjávarbyggð við útgáfu reglugerðar þessarar. Hafi eigandi báts, sem úthlutun hlaut á fiskveiðiárinu 2002/2003, skv. reglugerð nr. 600, 9. ágúst 2002, selt þann bát sinn er heimilt að úthluta öðrum báti í hans eigu, sem skráður er í sömu sjávarbyggð, þeim aflaheimildum, sem hinn seldi bátur hefði annars fengið, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar milli bátanna.

Engum báti skal úthlutað meiri aflaheimildum samkvæmt reglugerð þessari en sem nemur því magni, sem viðkomandi bátur hefur landað í hlutaðeigandi sjávarbyggð á tímabilinu 1. ágúst 2003 til 31. júlí 2004 samkvæmt upplýsingum úr aflaupplýsingakerfinu Lóðs.

3. gr.

Reglugerð þessi er gefin út á grundvelli b. liðar 2. gr. laga nr. 147, 20. desember 2003, um breytingu á lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og komi til framkvæmda 1. september 2004.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. ágúst 2004.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.